

Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritanir stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru hagsmunasamtök og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, stofnuð árið 1976. Markmið samtakanna er að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að auknum samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Áhrif af völdum Covid-19 á verkefni stjórnar og starfsmanna voru umtalsverð á árinu 2020. Alls urðu stjórnarfundirnir 37 samanborið við 13 stjórnarfundir á árinu 2019. Þá voru verkefni og fjárhagsleg umsýsla tengd samgöngusáttmálanum umfangsmikil í starfsemi félagsins. Tengdust verkefni m.a. undirbúningi og stofnun Betri Samgangna ohf., en félaginu er ætluð framkvæmd, fjármögnun og önnur umsjón með Samgöngusáttmálanum. Um er að ræða félag sem stofnað hefur verið á grunni samnings (Samgöngusáttmálinn) milli ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguvinnviðum, þar með talið innviðum almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu til 15. ára, þ.e. til og með árinu 2033.

Á vormánuðum 2019 var undirritaður samningur milli aðildarsveitarfélaga SSH og Vegagerðarinnar um samstarf um undirbúning Borgarlínu og hefur skrifstofa SSH haft fjárhags- og framkvæmdaumsjón með höndum í samstarfi við Vegagerðina frá þeim tíma. Því verkefni er nú lokið og hafa Betri Samgöngur ohf í samstarfi m.a. við Vegagerðina tekið yfir undirbúning verkefnisins. Þá var unnið að verkefnum sóknaráætlunar 2020-2024 er m.a. tengjast svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Sömuleiðis var rekstur byggðasamlaganna í eigu sveitarfélaganna í brennidepli m.a. með umfangsmiklu verkefni er lítur að stjórnarsýslu byggðasamlaganna. Þá var unnið að undirbúningi og útboði á framkvæmdum á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins sem og ferðaþjónustu fyrir fatlaða í samstarfi við Strætó b.s.

Á vettvangi SSH störfuðu á árinu þverfaglegir samráðshópar sveitarfélaganna um ýmis samstarfsverkefni v. sóknaráætlunar, velferðarmála, skólamála, skipulagsmála, samgöngumála .o.fl.

Aðildarsveitarfélög samtakanna voru sjö á árinu 2020 en þau eru, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2020 er afkoma samtakanna neikvæð um 0,8 millj. kr. Eigið fé samtakanna í árslok 2020 samkvæmt efnahagsreikningi nam 21,3 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Laun og launatengd gjöld á skrifstofu SSH námu 39,5 millj. kr. Starfandi er framkvæmdastjóri hjá samtökunum auk tveggja annarra starfsmanna alls í 2,7 stöðugildum í árslok. Þá starfar svæðisskipulagsstjóri á skrifstofu SSH og meðal verkefniskostnaðar svæðisskipulags eru færð laun og launatengd gjöld svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar. Samtals nemur kostnaður verkefnisins 33,7 millj. kr. á árinu.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum líkur. Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélaga, sem að SSH standa, verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda. Sjá nánar í skýringu 13.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Kópavogur, 12. apríl 2021
Framkvæmdastjóri
Páll Björgvin Guðmundsson

Í stjórn samtakanna:
Gunnar Einarsson, formaður stjórnar
Ármann Kr. Ólafsson
Ásgerður Halldórsdóttir
Dagur B. Eggertsson
Karl M. Kristjánsson
Haraldur Sverrisson
Rósa Guðbjartsdóttir

Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu („félagið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 12. apríl 2021

KPMG ehf.

Hlynur Sigurðsson

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið 2020 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kópavogur, 7. apríl 2021

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er rafrænt undirritaður af endurskoðanda og skoðunarmönnum.

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2020	Ársreikningur 2019
Rekstrartekjur				
Árgjöld aðildarsveitarfélaga	5	24.468.570	23.964.255	15.976.170
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga		32.983.977	35.300.000	33.345.061
Framlag úr Jöfnunarsjóði v/sóknaráætlunar 2020		0	2.700.000	2.721.624
		<u>57.452.547</u>	<u>61.964.255</u>	<u>52.042.855</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	6	39.468.385	45.400.000	31.420.201
Húsnæðiskostnaður	7	4.814.807	6.818.850	9.015.381
Annar rekstrarkostnaður	8	2.873.228	6.300.000	3.605.113
		<u>47.156.420</u>	<u>58.518.850</u>	<u>44.040.695</u>
Verkefnakostnaður	9	11.614.131	20.500.000	7.633.564
		<u>58.770.551</u>	<u>79.018.850</u>	<u>51.674.259</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði		<u>(1.318.004)</u>	<u>(17.054.595)</u>	<u>368.596</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		822.275	350.000	495.295
Arður og söluhagnaður hlutafjár		0	0	1.854.946
Fjármagnstekjuskattur		(180.899)	0	(385.442)
Vaxta- og þjónustugjöld		(112.982)	0	(56.850)
		<u>528.394</u>	<u>350.000</u>	<u>1.907.949</u>
Afkoma ársins	12	<u>(789.610)</u>	<u>(16.704.595)</u>	<u>2.276.545</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Eignir			
Eignarhlutir í félögum	10	500.000	500.000
Skammtímakröfur		137.584.599	19.527.903
Kröfur á tengda aðila		253.367	320.467
Handbært fé		160.386.769	134.647.751
		<u>298.224.735</u>	<u>154.496.121</u>
Eignir samtals		<u>298.724.735</u>	<u>154.996.121</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	11		
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	12	21.323.945	22.113.555
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		76.360.742	38.919.256
Skammtímaskuldir		9.751.717	7.336.310
Ónotað innborgað verkefnafé		191.288.331	86.627.000
		<u>277.400.790</u>	<u>132.882.566</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>298.724.735</u>	<u>154.996.121</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2020

	Skýr.	Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2020	Ársreikningur 2019
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma ársins	12	(789.610)	(16.704.595)	2.276.545
Veltufé (til) frá rekstri		(789.610)	(16.704.595)	2.276.545
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímafröfur, (hækkun)		(117.989.596)	0	(8.540.281)
Skammtímaskuldir, hækkun		144.518.224	0	112.282.124
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		26.528.628	0	103.741.843
Handbært fé frá (til) rekstrar		25.739.018	(16.704.595)	106.018.388
Fjárfestingarhreyfingar:				
Eignarhlutir í félögum, breyting		0	0	73.459
Fjárfestingarhreyfingar		0	0	73.459
Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu		25.739.018	(16.704.595)	106.091.847
Handbært fé í ársbyrjun		134.647.751	134.647.751	28.555.904
Handbært fé í árslok		160.386.769	117.943.156	134.647.751

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Tekjur

Rekstrartekjur SSH eru annars vegar framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hins vegar árgjald aðildarsveitarfélaganna eins og það er ákvarðað á aðalfundi hverju sinni. Framlög Jöfnunarsjóðs eru færð til tekna í samræmi við úthlutanir sjóðsins. Framlög sveitarfélaga byggja á föstu gjaldi pr. íbúa sem síðan er innheimt með hliðsjón af fjölda íbúa í viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

3. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2020 er birt í rekstrarreikningi og sjóðsstreymisýfirliti til samanburðar.

4. Eignarhlutur í félögum

Eignarhlutur í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

5. Árgjöld aðildarsveitarfélaga:

	2020	2019
Reykjavíkurborg	13.769.280	9.015.510
Kópavogsbær	3.985.695	2.588.250
Hafnarfjarðarbær	3.146.955	2.085.930
Garðabær	1.777.020	1.140.930
Seltjarnarnesbær	496.230	326.480
Mosfellsbær	1.267.665	802.410
Kjósarhreppur	25.725	16.660
	<u>24.468.570</u>	<u>15.976.170</u>

6. Laun og launatengd gjöld:

Laun skrifstofu:

Laun framkvæmdastjóra	17.799.231	21.575.550
Önnur laun skrifstofu	14.783.123	6.361.155
Lífeyrissjóðsgjöld	4.308.671	2.475.682
Leiðrétt móttframlag lífeyrissjóðs 2019	770.122	0
Sjúkra og orlofssjóðsgjöld	511.127	170.892
Tryggingagjald	2.394.076	2.071.237
Endurhæfingarsjóður	18.700	28.833
Tryggingar	106.172	122.998
Annar starfsmannakostnaður	9.627	0
Áfallið orlof	556.248	(964.946)
Innheimtur kostnaður v.vinnu við bókhald Borgarlínu	(1.014.712)	0
Laun vegna ræstingar færð á húsnæðiskostnað	(774.000)	(421.200)
	<u>39.468.385</u>	<u>31.420.201</u>

Laun svæðisskipulags:

Laun starfsmenn svæðisskipulags	23.686.341	13.585.413
Laun svæðisskipulagsnefndar og varamanna í stjórn	3.020.062	1.057.152
Lífeyrissjóðsgjöld	3.890.138	1.962.220
Tryggingagjald	1.920.416	1.115.539
Endurmenntun og námskeið	35.000	14.679
Samgöngustyrkur	132.000	18.000
Áfallið orlof	(898.662)	333.300
Launakostn. vegna svæðisskipulags fært á verkefniskostnað	(31.785.295)	(18.086.303)
	<u>0</u>	<u>0</u>
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>39.468.385</u>	<u>31.420.201</u>

Skýringar, frh.:

6. Laun og launatengd gjöld, frh.:

Áfallið orlof lækkar um 0,3 millj. kr. Skiptist sú fjárhæð þannig að áfallið orlof vegna skrifstofu hækkar um 0,6 millj. kr. og lækkar um 0,9 millj. kr. vegna svæðisskipulags. Í efnahagsreikningi ársins nemur áfallna orlofið 4,5 millj. kr. í lok árs 2020.

7. Húsnæðiskostnaður:

	2020	2019
Húsaleiga	4.428.445	4.156.697
Endurbætur og breytingar skrifstofu	369.510	2.630.524
Hlutdeild Borgarlínu í húsnæðikostnaði	(2.029.500)	(184.500)
Annar kostnaður	2.046.352	2.412.660
	<u>4.814.807</u>	<u>9.015.381</u>

8. Annar rekstrarkostnaður:

Tölvubjónusta.....	1.675.087	1.811.054
Bókhaldsþjónusta.....	2.178.125	2.131.250
Fundakostnaður skrifstofu (stjórnarfundir ofl.).....	308.831	817.560
Aðalfundur.....	0	195.623
Sími og burðargjöld.....	524.424	512.276
Bifreiðastyrkir.....	797.940	896.500
Rekstur og viðhald tölvukerfis.....	998.424	733.435
Gjaldfærð símtæki og tölvubúnaður.....	889.889	882.466
Endurskoðun og reikningsskil.....	1.100.615	734.937
Ráðstefnur og námskeið.....	93.020	229.141
Ráðningaþjónusta.....	673.856	800.000
Auglýsingar.....	164.320	212.860
Ferðakostnaður.....	0	215.183
Dagpeningar.....	129.848	25.140
Bækur, blöð, tímarit.....	70.431	92.275
Pappír, prentun, ritföng.....	237.510	120.944
Hlutdeild svæðisskipulags í sameiginlegum kostnaði.....	(5.000.000)	(5.000.000)
Hlutdeild sóknaráætlunar í sameiginlegum kostnaði.....	(2.070.922)	(2.000.000)
Annar kostnaður.....	101.830	194.469
	<u>2.873.228</u>	<u>3.605.113</u>

9. Verkefnakostnaður

Sóknaráætlun landshlutasamtaka:

Samkvæmt samningi sem gerður var við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og mennta- og menningamálaráðuneytið þann 12 nóvember 2019 ber SSH ábyrgð á vinnu sóknaráætlunar og framkvæmd hennar. Framlög ríkissjóðs til sóknaráætlunarverkefna á árinu 2020 námu alls 17,1 milljónum króna, þar af var ráðstafað 1,8 millj. kr. til verkefnis á sviði velferðartækni, 0,7 millj. kr. vegna tölfraeði höfuðborgarsvæðisins, 3,3 millj. kr. til nýsköpunarverkefna ferðaþjónustu, 3,2 millj. kr. til forvarna á tímum Covid-19, 4,1 millj. kr. til meðhöndlun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu og 1 millj. kr. til frumdraga að loftlagsstefnu höfuðborgarsvæðisins. Til markaðssetningar gagnvart erlendum fjárfestum var ráðstafað 4,1 millj. kr. Núgildandi samningur rennur út í árslok 2024.

9. Verkefnakostnaður, frh.:

Sóknaráætlun landshlutasamtaka, frh.

Sóknaráætlunarverkefnin eru unnin í samfellu milli ára, og byggjast á fjármögnun og samstarfi fleiri aðila. Umfang þeirra eins og þau koma fram í ársreikningi er því meira en sem nemur árlegu framlagi ríkissjóðs. Nánari sundurliðun á tekjum og gjöldum vegna verkefnanna er að finna í yfirliti í viðauka með ársreikningi. Af hálfu Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga var veitt framlag að upphæð 2,8 millj. kr til vinnu við umsýslu sóknaráætlunar.

Sóknaráætlun 2020-2024:	2020	2019
Ríkissjóður vegna Sóknaráætlunar, innheimt.....	17.094.000	25.840.516
Ónotað innborgað verkefnafé Sóknaráætlunar, breyting.....	3.038.521 (1.038.521)
Framlag úr Jöfnunarsjóði vegna Sóknaráætlunar 2020-2024.....	2.829.057	2.731.422
Innheimt vegna sóknaráætlunar	22.961.578	27.533.417
Sameiginlegur kostnaður.....	2.070.922	2.000.000
Borgarlína.....	0	616.295
Velferðartækni.....	1.808.300	10.319.625
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins.....	726.700	4.677.008
Markaðssetning gagnvart erlendum fjárfestum.....	4.121.307	5.004.067
Undirbúningur sóknaráætlunar 2020-2024.....	758.135	2.958.805
Sameiginleg sóknarfæri.....	0	185.000
GERT.....	0	2.000.000
Ferðapjónusta nýsköpunarverkefni.....	3.268.605	0
Forvarnir á tímum Covid-19.....	3.199.950	0
Stafræn þjónusta.....	2.780.050	0
Meðhöndlun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu.....	4.089.267	0
Frumdrög að loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins.....	980.000	0
	23.803.236	27.760.800
Sóknaráætlun 2020-2024	841.658	227.383
Framlög ársins:	2020	2019
Framlag ríkissjóðs.....	25.000.000	0
Framlag sveitarfélaga.....	5.000.000	0
	30.000.000	0
Innheimt framlög:		
Framlag ríkissjóðs.....	14.594.000	0
Framlag sveitarfélaga.....	5.000.000	0
	19.594.000	0
Óinnheimt verkefnafé í árslok	10.406.000	0

Framlög sveitarfélaga til Sóknaráætlunar eru innheimt sem hluti af árgjaldi sveitarfélaga til samtakanna. Óinnheimt og ónotað verkefnafé færast milli ára og mun verða nýtt á komandi ári til verkefna tendum Sóknaráætlun 2020-2024.

Svæðisskipulag:

Í samræmi við samkomulag aðildarsveitarfélaganna frá 24. ágúst 2012 annast skrifstofa SSH um rekstur og stjórnsýslulegt utanumhald um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Fjárhagur svæðisskipulagsins er aðgreindur frá almennum rekstri skrifstofu SSH, sveitarfélögin greiða sérstaklega laun svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar og framlög í sérstakan verkefnasjóð í samræmi við starfsreglur svæðisskipulagsnefndar. Nánari upplýsingar er að finna í yfirliti meðfylgjandi ársreikningi þessum.

Skýringar, frh.:

9. Verkefnakostnaður, frh.

Svæðisskipulag, frh.:

	2020	2019
Hlutdeild SVF vegna svæðisskipulags.....	22.443.832	22.349.798
Verkefnafé.....	5.500.000	5.000.000
Ónotað verkefnafé svæðisskipulags frá fyrra ári.....	13.214.300	0
Ónotað verkefnafé svæðisskipulags, flutt til næsta árs.....	(7.435.896)	(13.214.300)
Innheimt vegna svæðisskipulags	<u>33.722.236</u>	<u>14.135.498</u>
Laun svæðisskipulagsstjóra.....	23.686.341	13.585.413
Laun svæðisskipulagsnefndar.....	3.020.062	1.057.152
Launatengd gjöld.....	4.911.892	3.425.738
Endurmenntun.....	35.000	0
Bifreiða- og samgöngustyrkur.....	132.000	315.000
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	11.918.028	3.311.799
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði.....	5.000.000	5.000.000
Annar rekstrarkostnaður.....	491.970	382.778
Innheimtur útlagður kostnaður.....	(99.513)	(162.654)
Verkefnastjórnun Borgarlínu.....	(15.373.544)	(12.779.728)
	<u>33.722.236</u>	<u>14.135.498</u>
Svæðisskipulag	<u>0</u>	<u>0</u>

Vegagerðin vegna samgöngumála:

	2020	2019
Innheimt framlag.....	0	1.189.237
Ónotað verkefnafé, tekjufært.....	0	2.727.632
	<u>0</u>	<u>3.916.869</u>
Verkefniskostnaður.....	0	5.214.756
	<u>0</u>	<u>5.214.756</u>
Vegagerðin vegna samgöngumála	<u>0</u>	<u>1.297.887</u>

Vegagerðin vegna samgöngumála:

	2020	2019
Innheimt framlag frá sveitarfélögum.....	1.580.337.414	0
Verkefnafé greitt til Vegagerðar og Borgarlínuverkefni 2020.....	(1.418.582.655)	0
Verkefnafé greitt til Vegagerðar og Borgarlínuverkefni 2021.....	(161.754.759)	0
	<u>0</u>	<u>0</u>
Verkefniskostnaður.....	167.160	0
	<u>167.160</u>	<u>0</u>
Vegagerðin vegna samgöngumála	<u>167.160</u>	<u>0</u>

Innheimt skv. samkomulagi ríkis og sveitarfélaganna um samgöngusáttmála frá 23.september 2019 og greitt til Vegagerðinnar og undirbúnings Borgarlínu skv. fyrirbyggjandi áætlunum og skuldbindingum.

Almenningssamgöngur:

Framlög Vegagerðarinnar vegna almenningssamgangna.....	900.000.000	887.199.996
Greitt til Strætó bs.....	(900.000.000)	(887.199.996)
	<u>0</u>	<u>0</u>
Samkvæmt samningi um eflingu Almenningssamgangna frá 7.maí 2012.		

Skýringar, frh.:

9. Verkefnakostnaður, frh.

Borgarlínan:

Samkvæmt samkomulagi aðildarsveitarfélaganna um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlína) samþykkti stjórn SSH að fjárhagsleg umsýsla verkefnisins og verkefnisstjórn yrði falin skrifstofu samtakanna.

	2020	2019
Innheimt verkefnafé Borgarlínu.....	389.240.000	172.860.000
Verkefnafé flutt frá fyrra ári.....	70.374.179	(70.374.179)
Verkefnafé skilað við flutning verkefnis til Vegagerðar 2021.....	(22.097.676)	0
	<u>437.516.503</u>	<u>102.485.821</u>
Verkefnastjórnun.....	49.068.990	37.939.809
Aðkeypt ráðgjafabjónusta.....	364.292.099	56.202.340
Húsaleiga.....	6.248.496	2.214.800
Uppsetning skrifstofubúnaðar og skrifstofuáhöld.....	0	134.136
Rekstur tölvukerfis.....	2.211.106	464.609
Endurskoðun og reikningsskil.....	844.800	587.100
Bókhaldsbjónusta.....	1.208.462	800.000
Tölvubjónusta.....	1.071.474	1.449.822
Lögfræðikostnaður.....	900.000	0
Önnur aðkeypt bjónusta.....	1.630.015	0
Ferðakostnaður.....	899.816	2.116.216
Dagpeningar.....	55.148	0
Pappír, prentun og ritföng.....	531.960	168.372
Texta- og umbrotsvinna.....	0	448.850
Fundakostnaður.....	235.075	51.664
Hönnunarsýning í Reykjavík og Kópavogi.....	7.524.491	0
Auglýsingar.....	281.546	0
Fæðiskostnaður.....	696.480	181.720
Vaxtatekjur og gengismunur.....	(183.455)	(343.990)
Fjármagnstekjuskattur.....	0	70.373
	<u>437.516.503</u>	<u>102.485.821</u>
Borgarlína samtals	<u>0</u>	<u>0</u>

Annar verkefnakostnaður:

	2020	2019
bjónusta við fatlaða.....	923.010	2.208.259
Samgöngusáttmáli.....	0	1.424.788
Stjórnsýsluverkefni.....	10.217.918	169.000
Viðhald girðinga.....	3.444.973	4.109.506
Vatnsvernd.....	13.245.409	15.934.453
Verkefniskostnaður byggðasamlaga.....	467.590	3.319.560
Innheimt hjá sveitarfélögum og byggðasaml.v/stjórnsýsluverkefnis.....	(3.217.918)	(2.998.460)
Innheimt hjá sveitarfélögum v/vatnsverndar.....	(13.245.409)	(15.934.453)
Innheimt hjá sveitarfélögum v/málefna fatlaðra.....	(923.010)	(2.208.259)
Innheimt hjá byggðasamlögum.....	(307.250)	0
Annar verkefnakostnaður	0	83.900
	<u>10.605.313</u>	<u>6.108.294</u>
Verkefnakostnaður samtals	<u>11.614.131</u>	<u>6.335.677</u>

10. Eignarhlutir í félögum

Á árinu 2018 var nýtt hlutafélag, Borgarlínan ehf. stofnsett og er alfarið í eigu SSH. Tilgangur með stofnun félagsins var að tryggja forræði SSH yfir firmanafninu og að eiga félagið tilbúið ef á þarf að halda vegna næstu skrefa við fjárhagslegan og tæknilegan undirbúning að lagningu Borgarlínunnar. Eignarhlutir í félögum greinist með eftirfarndi hætti:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Borgarlínan ehf.	100%	500.000
		<u>500.000</u>

11. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu samtakanna eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða húsgögn og skrifstofuáhöld, sem notuð eru við daglegan rekstur.

12. Yfirlit um eiginfjárreikning

	2020	2019
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	22.113.555	19.837.010
Afkoma ársins	(789.610)	2.276.545
Eiginfjárreikningur í árslok	<u>21.323.945</u>	<u>22.113.555</u>

13. Atburðir eftir uppgjörsgdag

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um endanlega áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum líkur. Vænta má að áhrif á rekstur þeirra sveitarfélaga sem að samtökunum standa verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda.

Það er mat stjórnenda að faraldurinn hafi ekki áhrif á rekstrarhæfi samtakanna en fjárhagsstaða þeirra er sterk sem og sveitarfélaganna sem að samtökunum standa.

14. Samningar

Hinn 7. maí 2012, var gengið frá samningi milli innanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Vegagerðarinnar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna sérverkefnis til eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Samningurinn er til tíu ára og felur í sér framlög Vegagerðarinnar til verkefnisins sem nemur 822 millj. kr. á árinu 2014, 900 millj. kr. árlega á samningstímanum auk 550 millj. kr. framlags á árinu 2022. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru móttakandi framlaga Vegagerðarinnar sem síðan er veitt áfram óskert til Strætó bs. Fjárhæðir framlaga taka breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í fyrsta skipti 1. janúar 2013. Þrátt fyrir framangreind verðbótaákvæði þá er fjárhæð hvers árs háð fjárlögum hverju sinni.

Hinn 7. maí 2018 undirrituðu sveitarfélögin samkomulag um uppbyggingu á skíðasvæðunum við Bláfjöll og Skálafell. Undirbúningur og útbod fór fram á árinu 2020 og var öllum tilboðum hafnað. Undirbúningur og útbod á skíðalyftum hafa nú farið fram að nýju. Að því undangengnu var gerður viðauki við samninginn frá 7.maí 2018, milli sveitarfélaganna og er nú framkvæmdakostnaður á skíðasvæðunum áætlaður 5.2 milljarðar kr.

Þann 14.júní 2019 var undirritað samkomulag um samstarf aðildarsveitarfélaganna um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlína). Samhliða þessu samkomulagi var gerður sérstakur samstarfssamningur við Vegagerðina með það að markmiði að setja af stað verkefni um að tryggja farsælan undirbúning fyrstu framkvæmda Borgarlínu. Í því felst að ljúka forhönnun, aðlögun leiðakerfis, skipulagsvinnu og gerð umhverfismats þannig að hægt verði að hefja 2.áfangu undirbúnings þ.e. verkhönnun og gerð útboðsganga. Samningur þessi er nú útrunninn og hefur verkefnið verið fært til Betri Samgangna ohf sem falið hefur Vegagerðinni áframhaldandi umsjón með undirbúning Borgarlínu. Endanlegt uppgjör á verkefninu fer fram í upphafi árs 2021.

Þann 26. september 2019 var undirritað samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningssamgangna, á höfuðborgarsvæðinu til 15.ára þ.e. til og með ársins 2033. Stjórn SSH fer með umboð sveitarfélaganna sem eru aðilar að samkomulaginu og mun á grundvelli þess annast eftirfylgni, eftirlit og utanumhald með samkomulaginu. Eins og fram kom í skýringu 9 hefur SSH innheimt framlag sveitarfélaganna á árinu 2020 og greitt til Vegagerðarinnar og undirbúnings Borgarlínu skv. áætlun um framvindu og skuldbindingar.

Yfirlit verkefnisumsjónar SSH á árinu 2020

	Svæðis- skipulag	Sóknar- áætlun	Samgöngu- sáttmálinn	Þjónusta við fatlað fólk	Viðhald girðinga	Almennings samgöngur	Borgarlína	Vatnsvernd	Stjórnsýsla	Önnur verkefni	Samtals 2020
Innheimt vegna verkefna											
Hlutdeild ríkissjóðs		19.923.057									19.923.057
Verkefnafé sveitarfélaga	22.443.832		1.580.337.414								1.602.781.246
Rekstrarframlag sveitarfélaga	5.500.000			923.010				13.245.409	3.217.918		22.886.337
Verkefnafé Borgarlínu							459.614.179				459.614.179
Vegagerðin v. samgöngumála						900.000.000					900.000.000
Ónotað verkefnafé fyrra árs	13.214.300										13.214.300
Verkefnafé frá fyrra ári (flutt til næsta árs)	(7.435.896)						(22.448.720)				(29.884.616)
	<u>33.722.236</u>	<u>19.923.057</u>	<u>1.580.337.414</u>	<u>923.010</u>	<u>0</u>	<u>900.000.000</u>	<u>437.165.459</u>	<u>13.245.409</u>	<u>3.217.918</u>	<u>0</u>	<u>2.988.534.503</u>
Kostnaður vegna verkefna											
Laun og tengd gjöld	16.244.751										16.244.751
Annar rekstrarkostnaður	5.658.970	2.070.922	167.160								7.897.052
Verkefniskostnaður	11.818.515	18.693.793		923.010	3.444.973	900.000.000	437.165.459	13.245.409	10.217.918	160.340	1.395.669.417
Verkefnafé til Borgarlínu og Vegagerðar			1.580.337.414								1.580.337.414
Hlutdeild Borgarlínu	0										0
	<u>33.722.236</u>	<u>20.764.715</u>	<u>1.580.504.574</u>	<u>923.010</u>	<u>3.444.973</u>	<u>900.000.000</u>	<u>437.165.459</u>	<u>13.245.409</u>	<u>10.217.918</u>	<u>160.340</u>	<u>3.000.148.634</u>
Verkefnakostnaður SSH	0	841.658	167.160	0	3.444.973	0	0	0	7.000.000	160.340	11.614.131